

**Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa**  
**06 101**

**Ársreikningur 2018**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa  
kt. 461010-0400  
Sölvhólsgötu 7

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 639,2 milljónir og afkoma kr. -24,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -21,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 70,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Dómsmálaráðuneytis í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Dómsmálaráðuneytis fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. ágúst 2019

Staður, dags.



---

Forstöðumaður

## Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	3	582.300.000	1.076.357.421
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	52.194.826	175.655.021
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	3	4.701.454	9.330.836
<b>Tekjur samtals</b>		<b>639.196.280</b>	<b>1.261.343.278</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	507.504.506	978.269.139
Framlög og tilfærslur .....		497.900	1.544.844
Annar rekstrarkostnaður .....	6	150.830.219	276.640.109
Afskriftir .....	7	4.701.454	9.330.836
<b>Gjöld samtals</b>		<b>663.534.079</b>	<b>1.265.784.928</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(24.337.799)</b>	<b>(4.441.650)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(85.391)	(105.203)
		(85.391)	(105.203)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(24.423.190)</b>	<b>(4.546.853)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....		(25.425.290)	(3.002.009)
Rekstrartilfærslur .....		1.002.100	(1.544.844)
		(24.423.190)	(4.546.853)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		12.240.519	25.183.917
Farartæki og vélar .....		447.001	17.895.322
Aðrar eignir .....		0	105.291
		<u>12.687.520</u>	<u>43.184.530</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>12.687.520</u>	<u>43.184.530</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		0	33.041
Tengdir aðilar .....	9	55.776.541	142.072.227
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		494.706	1.243.735
Handbært fé .....		1.476.912	2.729.205
		<u>57.748.159</u>	<u>146.078.208</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>57.748.159</u>	<u>146.078.208</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>70.435.679</u>	<u>189.262.738</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		(21.412.409)	6.021.559
		<u>(21.412.409)</u>	<u>6.021.559</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(21.412.409)</u>	<u>6.021.559</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	4.637.283	18.087.230
Viðskiptaskuldir .....		6.522.770	10.660.251
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	61.820.304	122.403.117
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	18.867.731	32.090.581
		<u>91.848.088</u>	<u>183.241.179</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>91.848.088</u>	<u>183.241.179</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>70.435.679</u>	<u>189.262.738</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(24.423.190)	(4.546.853)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	4.701.454	9.330.836
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(4.701.454)	(9.330.836)
		<u>(24.423.190)</u>	<u>(4.546.853)</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		782.070	711.107
Tengdir aðilar .....		80.928.910	(4.014.606)
Skammtímaskuldir .....		(64.720.294)	16.656.790
		<u>16.990.686</u>	<u>13.353.291</u>
		<u>(7.432.504)</u>	<u>8.806.438</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(1.853.185)	(22.519.528)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		7.233.396	183.000
		<u>5.380.211</u>	<u>(22.336.528)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		800.000	11.242.579
		<u>800.000</u>	<u>11.242.579</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(1.252.293)	(2.287.511)
		<u>2.729.205</u>	<u>5.016.716</u>
		<u>1.476.912</u>	<u>2.729.205</u>
		<u>1.476.912</u>	<u>2.729.205</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélur .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

### Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Skýringar

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði og mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í yfirlit um afkomu að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættupáttum.

## Skýringar

	2018	2017
<b>3 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	583.100.000	1.087.600.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	(800.000)	(11.242.579)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	582.300.000	1.076.357.421
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	4.701.454	9.330.836
	<b>587.001.454</b>	<b>1.085.688.257</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	583.400.000	1.500.000	0	584.900.000
Fjáraukalög .....	(3.000.000)	0	0	(3.000.000)
Launbætur .....	(6.800.000)	0	0	(6.800.000)
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting .....	(800.000)	0	0	(800.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	8.000.000	0	0	8.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>580.800.000</b>	<b>1.500.000</b>	<b>0</b>	<b>582.300.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(606.225.290)	(497.900)	0	(606.723.190)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(25.425.290)</b>	<b>1.002.100</b>	<b>0</b>	<b>(24.423.190)</b>

	2018	2017
<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Kostnaðarhlutdeild .....	49.614.815	169.335.280
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	0	3.000.000
Fræðslustarfsemi og fundir .....	156.455	0
Ýmsar tekjur .....	2.423.556	3.319.741
	<b>52.194.826</b>	<b>175.655.021</b>

### 5 Laun og launatengd gjöld

Laun .....	402.366.614	782.443.597
Orlof, breyting .....	6.572.493	5.943.624
Launatengd gjöld .....	92.530.739	179.074.252
Starfsmannakostnaður .....	6.034.660	10.807.666
Samtals launakostnaður .....	507.504.506	978.269.139
Eignfærður launakostnaður .....	0	0
	<b>507.504.506</b>	<b>978.269.139</b>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	40	80
------------------------------	----	----

## Skýringar

	2018	2017
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	2.104.126	3.109.765
Tæki og búnaður til innréttinga .....	0	80.212
Ýmis tæki og áhöld .....	452.294	2.355.643
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	30.425	45.497
Orkugjafir .....	156.529	1.198.272
Matvæli .....	3.443.245	7.554.806
Almennar rekstrarvörur .....	436.306	1.365.434
Vörukaup, almenn	6.622.925	15.709.629
Kennslu- og föndurvörur .....	10.751	5.035
Ýmsar sérgreindar vörur .....	0	85.025
Vörukaup, sérgreind	10.751	90.060
Fundir, námskeið, risna .....	3.093.755	8.471.685
Ferðir, uppihald .....	18.645.939	34.693.656
Akstur .....	826.615	6.055.244
Sérfræðiþjónusta .....	11.023.360	46.947.630
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	29.570	224.775
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	5.464.539	10.861.950
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	7.493.763	8.676.799
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	46.577.541	115.931.739
Afnotagjöld .....	13.970.337	18.460.592
Leigugjöld .....	42.282.863	77.347.972
Notkun véla og flutningatækja .....	110.580	624.858
Verkkaup .....	1.560.327	7.496.761
Kostnaðarhlutdeild .....	38.979.936	40.779.273
Tryggingar, lögboðnar .....	37.750	130.338
Opinber gjöld .....	8.825	68.887
Tilfærslur .....	668.384	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	97.619.002	144.908.681
Annar rekstrarkostnaður samtals	150.830.219	276.640.109
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. ....	3.155.997	6.900.271
Farartæki og vélar .....	376.951	2.411.985
Aðrar eignir .....	0	18.580
	4.701.454	9.330.836

## Skýringar

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld og búnaður .....	12.240.519	25.183.917
Farartæki og vélar .....	447.001	17.895.322
Aðrar eignir .....	0	105.291
	12.687.520	43.184.530

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

	Áhöld og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2018 .....	48.862.620	21.144.885	185.800	70.193.305
Viðbætur á árinu .....	1.853.185	0	0	1.853.185
Selt/niðurfært á árinu .....	(22.708.600)	(20.474.385)	(185.800)	(43.368.785)
	28.007.205	670.500	0	28.677.705
Afskriftir 1.1.2018 .....	23.678.703	3.249.563	80.509	27.008.775
Selt/niðurfært á árinu .....	(11.068.014)	(3.403.015)	(80.509)	(14.551.538)
Afskrift ársins .....	3.155.997	376.951	0	3.532.948
	15.766.686	223.499	0	15.990.185
Staða 31.12.2018 .....	12.240.519	447.001	0	12.687.520

### 9 Tengdir aðilar

	31.12.2018	31.12.2017
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	3.082.265	31.787.012
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	52.694.276	110.285.215
	55.776.541	142.072.227

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	4.637.283	18.087.230
	4.637.283	18.087.230

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	6.021.559	(99.716.803)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar .....	0	110.285.215
Flutt á 10-101 .....	(3.010.778)	0
Afkoma ársins .....	(24.423.190)	(4.546.853)
Jöfnuður 31.12. ....	(21.412.409)	6.021.559

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 52,7 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

## Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
<b>11 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	61.276.776	114.499.818
Ógreidd laun .....	0	7.139.797
Önnur ógreidd gjöld .....	543.528	763.502
	<u>61.820.304</u>	<u>122.403.117</u>

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	12.687.520	43.184.530
Ónotuð (umframnotuð) fjárveiting til fjárfestinga .....	6.180.211	(11.093.949)
	<u>18.867.731</u>	<u>32.090.581</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018 .....	43.184.530	(11.093.949)	32.090.581
Fjárveiting til fjárfestinga flutt til 10-101 .....		(9.421.752)	(9.421.752)
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....		800.000	800.000
Bókfært verð seldra eigna, flutt til 10-101 .....	(20.515.701)	20.515.701	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	100.356	100.356
Bókfært verð seldra eigna .....	(7.133.040)	7.133.040	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	1.853.185	(1.853.185)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(4.701.454)	0	(4.701.454)
	<u>12.687.520</u>	<u>6.180.211</u>	<u>18.867.731</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 2,8 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

### 13 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 39,8 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 12,9 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.